

Alþingi
Erindi nr. P 127/51
komudagur 7. 11. 2001

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis,
Nefndasvið Alþingis,
Þórshamri v/Templarasund
150 Reykjavík

Reykjavík 7. nóvember 2001

Efni: Áhrif skattabreytinga ríkisstjórnarinnar á ferðaþjónustu

Samtök ferðaþjónustunnar hafa fjallað um frumvarp til laga um breytingar á skattlagningu fyrirtækja. Samtökin taka undir umsógn Samtaka atvinnulífsins um mikilvægi þeirra breytinga sem um ræðir, sérstaklega lækkun tekju- og eignaskatta, sem munu hafa mjög jákvæð á samkeppnishæfi Íslands í atvinnurekstri. Samtökin vilja þó koma eftirfarandi athugasemdum sínum um áhrif breytinganna á ferðaþjónustuna á framfæri.

Ljóst er að flókið er að meta heildaráhrif allra umræddra breytinga á atvinnulífið ekki síst ferðaþjónustu sem hefur mjög óljósa skilgreiningu.

Tekjuskattur fyrirtækja lækkar

Rekstur fyrirtækja í ferðaþjónustu hefur um langt skeið verið erfiður og því næsta fá fyrirtæki sem greiða tekjuskatt og á það ekki síst við þau fyrirtæki sem rekin eru utan höfuðborgarsvæðisins. Samkvæmt rekstraryfirliti atvinnugreinarinnar úr atvinnuvegaskýrslum Þjóðhagsstofnunar var hún rekin með 2-6% tapi flest öll síðustu ár og því mun lækkun tekjuskatts gagnast fáum fyrirtækjum í greininni.

Eignaskattur fyrirtækja lækkar

Hvað varðar lækkun eignaskatts þá er eignastaða fyrirtækjanna slík að fæst þeirra greiða neinn eignaskatt. Flest fyrirtækjanna byggja starfsemi sína á þjónustu sem ekki er tengd fastafjármunum. Þannig eru hópferða- bílaleigu- og afþreyingarfyrirtæki með flest sín tæki á kaupleigu eða ámóta fjármögnun. Hótel eru annaðhvort í leiguhúsnæði eða í mjög skuldsettu eigin húsnæði. Flest þeirra eru annað hvort ný eða hafa á síðustu árum farið í kostnaðarsamar endurbætur þannig að lækkun á eignaskatti skapar greininni óverulegt svigrúm.

Tryggingagjald hækkar

Ferðaþjónustan er fyrst og fremst þjónustuatvinnugrein þar sem launakostnaður er oft um helmingur af rekstrarútgjöldum og hefur því öll hækkun launategdra gjalda mikil áhrif. Launakostnaður í greininni var 9.3 milljarðar árið 1997 samkvæmt innsendum launamiðum. Með „greininni“ er átt við skiptingu hennar samkvæmt skilgreiningu Þjóðhagsstofnunar og er þessi tala fengin með því að reikna til greinarinnar viðeigandi

hlutfall af launagreiðslum í hverjum atvinnugreinarflokki. Ætla má að tala Þjóðhagsstofnunar sé amk. 20% of lág. Benda má á að samkvæmt Þjóðhagsstofnun voru heildarlaunagreiðslur í atvinnugrein 717-flugrekstur kr. 4.4 milljarðar árið 1997 og af þeim eru 80% flokkað til ferðaþjónustu. Launagreiðslur Flugleiða hf það ár námu hins vegar kr. 5.3 milljörðum og hafa Flugleiðir skilgreint sig sem ferðaþjónustufyrirtæki.

Þjóðhagsstofnun hefur metið vöxt ferðaþjónustunnar um 7,8% á ári og með einföldum framreikningi á launakostnaði 1997 fæst launakostnaður upp á 12.498 milljónir árið 2001 og sé gert ráð fyrir amk 20% skekkju er raun launakostnaður í greininni á þessu ári ekki lægri en 15 milljarðar. Hækkun tryggingargjalds veldur því amk. 105 milljóna kostnaðarauka fyrir atvinnugreinina samkvæmt innsendum launamiðum.

Samtök ferðaþjónustunnar ítreka ánægju sína með lækkun tekju- og eignaskatta sem skapar fyrirtækjum á Íslandi almennt samkeppnishæfari starfsskilyrði en vara við að lagðar séu auknar heildarálögur á fyrirtæki í ferðaþjónustu sem hafa átt við rekstrarerfiðleika að etja og mun núverandi ástand í heiminum ekki bæta úr.

Virðingarfyllt
f.h. Samtaka ferðaþjónustunnar

Erna Hauksdóttir
framkvæmdastjóri